

## Fundargerð 10. stjórnarfundar

starfstímabilið 2010-2012

---

Fundurinn var haldinn miðvikudaginn 3. nóvember í Íþróttamiðstöðinni Laugardal og hófst kl. 17:10.

Mættir voru eftirtaldir stjórnar- og varastjórnarmenn: Stefán Halldórsson, Unnur Sigurðardóttir, Benóný Jónsson, Hannes Strange, Felix Sigurðsson, Birgir Guðjónsson. Jónas Egilsson framkvæmdastjóri sat einnig fundinn og ritaði fundargerð. Sigurður Ingvarsson tilkynnti forföll.

Formaður setti fund og stjórnaði.

1. Fundargerðir 9. fundar samþykkt.
2. Fjárhagsmál.
  - 2.1. Samstarfsmál. Gjaldkeri og formaður fóru yfir helstu aðgerðir í öflun samstarfsaðila frá síðasta fundi.
  - 2.2. Frjálsíþróttablað. Formaður fór yfir hugmyndir að útgáfu á ársriti fyrir frjálsíþróttir, en útgáfa þess yrði tryggð með auglýsingum í samstarfi við sambandsaðila FRÍ. Hann mun fylgja þessu máli áfram. Stefnt að þessari útgáfu í lok ársins.
  - 2.3. Fjáröflunarsamkoma. Formaður kynnti hugmynd að samkomu með listamönnum úr hreyfingunni sem gæfu sitt framlag til styrkar hreyfingunni. Stefnt er að þessari samkomu í janúar nk.
  - 2.4. Útgáfa á frjálsíþróttadagatali. Rætt um að gefa slíkt út á vormánuðum, þegar endaleg mótadagskrá liggur fyrir. Formaður lagði fram lista með fjáröflunarverkefnum vegna liða 2.2., 2.3. og 2.4.
3. Mótafundur 21. nóv. nk.
  - 3.1. Drög að mótaskrá 2011 lögð fram sem unnin er af Mótanefnd FRÍ. Umræða var um getu einstakra aðila til að halda mót á vegum FRÍ svo vel sé. Þetta er skoðunar hjá Mótanefnd sem einnig er með mögulega endurskoðun á skiptingu móta milli sambandsaðila.
  - 3.2. Nýtt fræðslukerfi fyrir dómara. Skýrsla nefndar um endurskoðun á fræðslukerfi fyrir dómara lögð fram. Hún verður ásamt öðru efni send til sambandsaðila fyrir þingið. Samþykkt að vinna fyrirbyggjandi áætlun um dómstig 1-4 með fyrirvara um samþykki IAAF vegna landsdómarastigsins (4). Einnig samþykkt að hraða útgáfu dómsstigs 1-3 og að því yrði lokið fyrir 1. maí nk. Þá var samþykkt að notast við núverandi skipulag við dómsstig 3 (héraðsdómarastig) og að gagnagrunni fyrir starfandi dómara yrði komið á fót. Birgir Guðjónsson lagði fram lista yfir alla þá sem hafa sótt dómaramámskeið á vegum Tækninefndar frá árinu 1982. Hann lagði til að sér og framkvæmdastjóra yrði falið að sækja um viðurkenningu á núverandi fræðslukerfi til IAAF. Samþykkt.
  - 3.3. Nýtt aldursflokkakerfi fyrir unglinga. Skýrsla þingskipaðar nefndar lögð fram. Samþykkt að senda hana sambandsaðilum til skoðunar. Samþykkt að breytingar, skv. tillögum nefndarinnar taki gildi 1. jan. nk. Einnig var samþykkt tillaga nefndarinnar um aldursflokkaskiptingu og skiptingu í aldursflokkamót, þ.e. 12-15 ára og 16-22 ára. Samþykkt að vísa þessum tillögum til laganefndar og fela henni að ganga frá tillögu að



breytingum á reglugerðum FRÍ í samræmi við tillögur nefndarinnar. Þá var samþykkt að kynna breytingar á aldursflokkum og keppnisreglum fyrir rekstraraðilum íþróttamannvirkja.

- 3.4. Staða frjálsíþrotta og leiðir til framfara. Formaður ræddi hugmynd að innleggi á Mótapinginu. Umræðuefni þetta var niðurstaða óformlegrar könnunar innan stjórnar um brýnustu mál hreyfingarinnar.
  - 3.5. Aukið samstarf við framkvæmd móta og möguleg mótaröð. Formaður lagði fram hugmyndir um endurbætur á Bikarkeppni FRÍ og mögulega öðrum mótum innan hreyfingarinnar. Lagðir voru fram nokkrir umræðupunktur um mögulega mótaröð FRÍ. Formanni og framkvæmdastjóra falið að skoða málið nánar fyrir Mótapingið.
4. Evrópubikarkeppni 2011.
    - 4.1. Formaður greindi frá framvindu helstu mála. Hann sagði að gerð hefði verið úttekt á Laugardalsvelli og niðurstöðu væri að vænta fljótlega.
    - 4.2. Skipun vinnuhópa. Rætt var um samstarf við félag í Reykjavík og nágrenni vegna framkvæmdar á mótinu og nauðsynlegum undirbúningi. Sigurjón Þorsteinsson og Berggrós Arna Jóhannesdóttir munu sækja námskeið á vegum EAA *Event Presentation Management* m.a. vegna undirbúnings fyrir Evrópubikarinnar.
    - 4.3. Heimsókn tæknifulltrúa og fulltrúa EAA verður 24. nóv. nk.
  5. Næsti fundur ákveðinn 9. desember nk.
  6. Önnur mál.
    - 6.1. Framkvæmdastjóri lagði fram reglugerðir FRÍ um mótahald, eftir breytingar á síðasta þingi FRÍ. Samþykkt að senda þær til sambandsaðila og birta á heimasíðu sambandsins.
    - 6.2. Fram kom að Sigurbjörn Árni Arngrímsson hefði sagt sig úr Íþrótt- og afreksnefnd (ÍÞA) sambandsins vegna annríkis.
    - 6.3. Benóný lagði til að rætt yrði um mögulegt nýtt mótaforrit á Mótapinginu.
    - 6.4. Unnur ræddi um niðurstöður síðasta fundar ÍÞA vegna þjónustu við Gull-, Silfur- og Bronshópa FRÍ, stefnumótun varðandi þátttöku á næstu Smáþjóðaleikum. Eins greindi hún frá álitni nefndarinnar um forgangsröðun móta á næsta ári og að þátttaka í Evrópubikar væri í forgangi. Hún sagði jafnframt að stefnt væri að fundum með einstaklingum í Gull- og Silfurhópum FRÍ.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:30.

Jónas Egilsson.